Reykjavík, 17. febrúar 2020
R20020146

13731

Menningar-, íþrótta- og tómstundaráð
Tjarnargötu 11
105 REYKJAVÍK

Efni:
***Ályktunartillaga Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Sósíalistaflokks***

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 13. febrúar 2020, var samþykkt svohljóðandi ályktunartillaga Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Sósíalistaflokks, sbr. 19. lið fundargerðar sd:

Samkvæmt mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar eiga allar manneskjur að njóta mannréttinda án tillits til kynhneigðar, uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmálaskoðana, trúleysis, kyns, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð ítrekar mikilvægi þess að íbúar njóti þjónustu borgarinnar án þess að eiga hættu á fordómum og mismunun. Það er andstætt mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og óásættanlegt að starfsfólk borgarinnar beri fordómafull skilaboð til gesta sundlauga eins og átti sé stað í Grafarvogslaug í febrúar 2020. Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð lítur svo á að tækifæri sé til að bæta þjónustu borgarinnar í takti við mannréttindastefnuna og hvetur menningar-, íþrótta- og tómstundaráð til að bregðast skjótt við.

Virðingarfyllst

Elísabet Pétursdóttir